

**VEÐURSTOFA ÍSLANDS**

# **REGLUR**

**UM  
VEÐURATHUGANIR Á SKIPUM  
OG  
SAMNINGU VEÐURSKEYTA**

**REYKJAVÍK 1985**

## E F N I S Y F I R L I T

FORMÁLI .....	1
INNGANGUR .....	3
FYRSTI KAFLI	
Skeytalykill .....	5
Merking skeytastafa .....	6
ANNAR KAFLI	
Hvenær og hvernig senda skal almenn veðurskeyti .....	9
Stormskeyti .....	11
Hafístillkynningar .....	12
Tilkynningar um ísingu .....	13
Nokkrar athugasemdir um veðurathuganir o.fl. ....	13
ÞRÍÐJI KAFLI	
Skeytaorðin, töflur og leiðbeiningar .....	15
FJÓRÐI KAFLI	
Önnur afbrigði skeytalykilsins .....	58
FIMMTI KAFLI	
Reglur um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar .....	67
Skrá yfir erlendar loftsklyptastöðvar .....	79

## FORMÁLI

Samkvæmt samþykktum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar, WMO, tók nýr samræmdur skeytalykill fyrir veðurathuganir á sjó og landi gildi 1. janúar 1982. Verulegar breytingar voru þá gerðar á skeytalyklinum frá því sem áður var, en töflur og merking hvers skeytastafs var þó í flestum tilvikum óbreytt. Varð skeytalykillinn sveigjanlegri og ítarlegri, en um leið talsvert lengri en sá sem áður var í notkun.

Uppbyggingu leiðbeiningabókar þessarar var þá jafnframt breytt og væntanlega til hins betra fyrir veðurathugunarmenn. Upplag fyrstu fjölrítunar er nú þrotið og kemur hér önnur fjölrítun fyrir sjónir veðurathugunarmanna á íslenskum skipum. Nokkrar smábreytingar og lagfæringar hafa verið gerðar að því er varðar orðalag, útlit og frágang, en reglurnar eru efnislega óbreyttar, þegar þetta er ritað í mars 1985. Rétt er þó að vekja athygli á að í fimmta kafla er ný útgáfa af "Reglum um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar."

## I N N G A N G U R

Atvinnuvegir landsmanna eru í mjög ríkum mæli háðir veðráttunni, og má því öllum vera augljós nauðsyn þess, að fyrir hendi séu nákvæmar upplýsingar um veðurfar og að gerðar séu sem gleggstar og áreiðanlegastar veðurspár. Ríður mikið á, að veðurathuganir sem veðurspár og rannsóknir á veðurfari eru byggðar á, séu gerðar af nákvæmni og samvirkusemi.

Um sjö tíundu hlutar af yfirborði jarðar eru huldur sævi, en af því leiðir, að þekking á veðri og veðurfyrirbærum er að verulegu leyti háð athugunum, sem gerðar eru á skipum á siglingu um úthöfin.

Það eru vinsamleg tilmæli Veðurstofunnar, að sem flest íslensk kaupskip geri veðurathuganir og sendi veðurskeyti, einkum þegar þau er á siglingu um nyrsta hluta Atlantshafs, en frá þeim slóðum er oft mikill og mjög tilfinnanlegur skortur á veðurfregnum. Sama gildir að sjálf-sögðu um fiskiskip, sem halda á fjarlæg mið eða sigla með afla til erlendra hafna. Þá er það ennfremur ósk Veðurstofunnar, að hæfilegur fjöldi fiskiskipa sendi jafnan veðurskeyti frá miðunum umhverfis landið. Liggur í augum uppi, að erfitt er að gera góðar veðurspár fyrir miðin, ef þaðan berast engar veðurfregnir. Það má því teljast hagsmunamál sjómanna sjálfrá að senda Veðurstofunni veðurskeyti.

Í bók þessari eru leiðbeiningar um gerð veðurathugana og hvernig semja skuli og senda veðurskeyti eftir þeim skeytalykli er gildir frá 1. janúar 1982. Þrjú mislög og mismunandi ítarleg afbrigði eru til af þeim hluta lykilsins, sem notaður er á sjó, og er í fyrsta kafla gerð grein fyrir því afbrigði, sem notað er á flestum íslenskum skipum. Hinna tveggja afbrigða skeytalykilsins er getið í fjórða kafla. Í öðrum kafla er fjallað um sendingu almennra veðurskeyta, stormskeyta og hafístilkynninga. Í þriðja kafla eru svo töflur og leiðbeiningar um gerð veðurskeyta og eru þær í sömu röð og orðin í skeytinu. Í fimmta kafla eru prentaðar reglur og leiðbeiningar er varða siglingar. Í þeim er ákvæði um tilkynningaskyldu skipa um ís, stórviðri og aðrar yfirvofandi hættur fyrir sjófarendur. Ennfremur er í fimmta kafla skrá yfir nokkrar erlendar loftskæptastöðvar, sem taka endurgjaldslaust á móti veðurskeytum frá skipum.

## F Y R S T I   K A F L I

### SKEYTALYKILL

Við gerð veðurskeytis, sem lýsa á veðri á jörðu niðri og ástandi yfirborðs lands og sjávar, er notaður samræmdur skeytalykill (FM 12-VII SYNOP og FM 13-VII SHIP). Skiptist hann í fimm hluta, auk inngangshluta, en aðeins þrír hlutar hans eru notaðir við gerð veðurskeyta á skipum. Veðurskeyti frá skipum geta verið misjafnlega ítarleg, en það er aðalregla, að vanti upplýsingar um ákveðinn veðurþátt eða sé hann ekki athugaður, fellur niður það orð skeytalykilsins, sem aðeins inniheldur upplýsingar um hann. Þrjú mislöng afbrigði eru til af skeytalykli fyrir skip (FM 13-VII SHIP) og verður hér fjallað um það afbrigði, sem nota skal á flestum íslenskum skipum. Lengsta afbrigðinu, sem t.d. hæfir til notkunar á rannsóknarskipum, verður lýst í fjórða kafla bls. 59. Þar verður einnig getið um stysta afbrigðið. Skeytalykillinn, sem almennt skal nota á íslenskum skipum er þannig táknaður með bókstöfum:

Inngangshluti	DDDD	YYGG <sub>w</sub>	99L <sub>a</sub> L <sub>a</sub> L <sub>a</sub>	Q <sub>c</sub> L <sub>o</sub> L <sub>o</sub> L <sub>o</sub> L <sub>o</sub>	
1. hluti	i <sub>R</sub> i <sub>x</sub> hVV	Nddff	1s <sub>n</sub> TTT	4PPPP	7wwW <sub>1</sub> W <sub>2</sub>
	8N <sub>h</sub> C <sub>L</sub> C <sub>M</sub> C <sub>H</sub>				
2. hluti	222D <sub>s</sub> v <sub>s</sub>	0s <sub>n</sub> T <sub>w</sub> T <sub>w</sub> T <sub>w</sub>	6I <sub>s</sub> E <sub>s</sub> E <sub>s</sub> R <sub>s</sub>	ICE +	{ Texti eða c <sub>i</sub> S <sub>i</sub> b <sub>i</sub> D <sub>i</sub> z <sub>i</sub>

Í veðurskeyti skulu ávallt vera tvö fyrstu orðin í 1. hluta auk inngangshluta. Öðrum orðum má sleppa þegar upplýsingar eru ekki fyrir hendi eða vissum skilyrðum fullnægt. Verður þeirra getið í leiðbeiningum um einstök orð.

Við samningu veðurskeytis eru tölustafir settir í stað bókstafanna í skeytalyklinum eftir því sem við á hverju sinni samkvæmt töflum og leiðbeiningum í þriðja kafla. Auk tölustafa er merkið / stundum notað, venjulega til að gefa til kynna að ókunnugt sé um veðurbátt.

### MERKING SKEYTASTAFA

<u>DDDD</u>	Kallmerki skipsins
YY	Dagsetning
GG	Athugunartími
<u><math>i_w</math></u>	Einkennisstafur vinds
99	Einkennistala orðsins
<u><math>L_a L_a L_a</math></u>	Breidd staðarins
$Q_c$	Hnattfjórðungstala
<u><math>L_o L_o L_o L_o</math></u>	Lengd staðarins
$i_R$	Ábendingartala úrkomuorðs
$i_x$	Ábendingartala veðurorðs
h	Skýjahæð
VV	Skyggni
<hr/>	
N	Skýjahula
dd	Vindátt
ff	Vindhraði
<hr/>	

1 Einkennistala orðsins

$s_n$  Formerki

TTT Lofthiti

---

4 Einkennistala orðsins

PPPP Leiðréttur loftþrýstingur við sjávarmál

---

7 Einkennistala orðsins

ww Veður á athugunartíma eða síðustu klukkustund

$\left. \begin{array}{l} w_1 \\ w_2 \end{array} \right\}$  Veður frá síðasta aðalathugunartíma

---

8 Einkennistala orðsins

$N_h$  Skýjahula lágskýja (eða miðskýja)

$C_L$  Tegund lágskýja

$C_M$  Tegund miðskýja

$C_H$  Tegund háskýja

---

222 Einkennistala orðsins og 2. hluta

$D_s$  Stefna skipsins síðustu 3 klukkustundir

$v_s$  Hraði skipsins síðustu 3 klukkustundir

---

0 Einkennistala orðsins

$s_n$  Formerki

$\begin{array}{ccc} T & T & T \\ w & w & w \end{array}$  Sjávarhiti

---

6	Einkennistala orðsins
$I_s$	Orsök ísingar á skipinu
$E_s E_s$	Þykkt íssins á skipinu
$R_s$	Breyting á ísmagni á skipinu
<hr/>	
ICE	Inngangsorð, ef upplýsingar um hafís fara á eftir
$c_i$	Þéttleiki og lýsing hafíss
$S_i$	Próunarstig hafíss
$b_i$	Landmyndaður ís
$D_i$	Stefna ísbrúnarinnar frá skipinu
$z_i$	Áhrif íss á siglingar
<hr/>	



## ANNAR KAFLI

### HVENÆR OG HVERNIG SENDA SKAL ALMENN VEÐURSKEYTI

Þess er óskað, að íslensk skip, sem þessar leiðbeiningar hafa, geri veðurathuganir og sendi almenn veðurskeyti, hvenær sem því verður við komið á eftirtöldum aðal tímum veðurskeyta:

Kl.	00	GMT	(Greenwich Mean Time)
"	06	"	
"	12	"	
"	18	"	

Ennfremur er þess sérstaklega óskað, að íslensk skip, sem eru á siglingu innan við 500 sjómílum frá Íslandi, geri veðurathuganir og sendi almenn veðurskeyti, þegar því verður við komið á millitímum veðurskeyta kl. 03, 09, 15 og 21 GMT. Á hafinu suðvestur af Íslandi allt að Nýfundnalandi eða strönd Kanada er raunar æskilegt, að íslensk skip sendi skeyti á fyrirnefndum tímum þótt þau séu stödd meira en 500 sjómílum frá Íslandi. Er þetta mikilvægt þar sem meirihluti þeirra veðurkerfa, sem til Íslands berast, koma úr suðvestri.

Þegar ekki eru tök á að senda veðurskeyti á einhverjum tímanna kl. 00, 06, 12 eða 18 GMT, er þess sérstaklega óskað, að send séu veðurskeyti á næsta millitíma kl. 03, 09, 15 eða 21 GMT.

Athygli skal vakin á því að minnst berst af veðurskeytum frá skipum á Atlantshafi á nóttunni. Þegar þess er kostur, er því sérstaklega æskilegt að veðurskeyti séu send kl. 00 og 06 GMT.

Miklu máli skiptir, að veðurathuganir séu gerðar stundvíslega. Nánar tiltekið eru athugunartímarnir frá því 10 mínútum fyrir heila tímann þangað til nákvæmlega á heila tímanum. Veðurskeyti skulu send þegar

að lokinni athugun, ef unnt er. Það skal þó tekið fram, að enda þótt nokkur dráttur verði einstöku sinnum á sendingu veðurskeytis (jafnvel allt að 4 tímum) skal ekki láta undir höfuð leggjast að senda það, þar eð mun betra er að fá veðurskeyti seint en alls ekki.

Þegar skipið er í námunda við Ísland, skulu veðurskeytin send þangað sé þess kostur. Oftast er heppilegast, að veðurskeytin séu send um **loftskeytastöðina í Reykjavík (TFA)**, en eftirtaldar íslenskar loftskæytastöðvar taka þó einnig á móti veðurskeytum:

Ísafjörður Radíó	(TFZ)
Siglufjörður Radíó	(TFX)
Nes Radíó	(TFM)
Hornafjörður Radíó	(TFT)
Vestmannaeyjar Radíó	(TFV)

Tekið skal fram, að Veðurstofan greiðir Landsíma Íslands að fullu fyrir flutning skæytanna, og leggst því enginn kostnaður á skipin í því sambandi.

Sé skipið státt það langt frá Íslandi, að erfitt sé að senda veðurskeyti til íslenskrar loftskæytastöðvar, skulu þau send til næstu erlendrар loftskæytastöðvar, sem á móti slíkum skæytum tekur og auðvelt er að ná til á því svæði, sem skipið siglir um.

Á bls. 79 er skrá yfir nokkrar erlendar loftskæytastöðvar við norðanvert Atlantshaf, sem taka á mót veðurskeytum frá skipum á nálægum slóðum, skipunum að kostnaðarlausu.

Þegar skip kallar loftskæytastöð í því skyni að senda veðurskeyti, skal fella orðið OBS inn í kallið m.a. til að tryggja skjótt svar.

Þegar veðurskeyti frá skipi er sent til íslenskrar loftskæytastöðvar, á ákvörðunarstaður (radio address) skæytisins að vera **METEO Reykjavík** (en það er símnefni Veðurstofu Íslands). Sé skæyti sent til erlendrар loftskæytastöðvar, má finna viðeigandi ákvörðunarstað í skránni yfir þessar stöðvar (á bls. 79).

Samkvæmt framansögðu á t.d. veðurskeyti, sem sent er til Íslenskrar loftskystastöðvar, að hefjast á orðunum OBS METEO Reykjavík.

Ýmsar erlendar veðurstofur hafa mikinn áhuga á veðurskeytum frá skipum á nyrsta hluta Atlantshafs. Latur Veðurstofa Íslands því senda veðurskeyti frá íslenskum skipum á þessum slóðum til útlanda ásamt veðurskeytum frá veðurathugunarstöðvum í landi.

### STORMSKEYTI

Þegar veðurhæð á sjó nær 10 vindstigum eða þar yfir á Beaufort-vindstiga án þess að við slíku veðri hafi verið varað skal strax tilkynna um það nálægum skipum og næstu veðurstofu í landi. Um skyldu skipstjóra á íslenskum skipum til að senda stormfregnir (og ennfremur almenn veðurskeyti, þegar Veðurstofa Íslands óskar þess) vísast til "Reglna um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar", sem Siglingamálastofnun ríkisins gaf út 1983, sjá bls. 67.

Stormfregnir skal senda í mæltu máli. Nánari leiðbeiningar eru í fimmta kafla, bls. 67.

Það skal tekið fram, að Veðurstofunni er kærkomið að fá tilkynningar um óveður og snögg veðrabrigði, þótt veðurhæð nái ekki 10 vindstigum. Er skipsstjórnarmönnum treyst til að dæma, hvenær ástæða er til að senda slíkar tilkynningar.

Stormskeyti gætu litið þannig út:

- a. TTT Storm 0510 GMT January 12.  $62^{\circ}32'N$ ,  $18^{\circ}06'W$ .  
Wind SE, force 10. Rain. Barometer falling rapidly.  
Course 300; 6 knots.
- b. TTT Storm 2240 GMT April 3,  $63^{\circ}10'N$ ,  $23^{\circ}51'W$ .  
Barometer corrected 952 millibars. Wind W, force 11.  
Heavy snow showers. Visibility less than 1 km.

## HAFÍSTILKYNNINGAR

Verði skipstjóri á íslensku skipi var við hafís, ber honum skylda til að tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi yfirvöldum í landi á næsta stað, sem til næst. Sé skipið statt í námunda við Ísland, skal gera ráðstafanir til, að tilkynningin verði send til Veðurstofu Íslands.

Um skyldu skipstjóra til að senda hafísfregnir vísast til "Reglna um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar", sjá fimmta kafla bls. 67.

Það sem einkum skal tekið fram í skeytum um hafís, er eftirfarandi:

1. Hvernig ísnum er háttað, t.d. hvort heldur: jakastangl, íshroði, þéttur íshroði, ísspöng, hafísbreiða með vökum, samfelld hafíshella (hafþök), íshrannir, borgarís o.s.frv. Þegar um fáa jaka er að ræða, skal tilgreina tölu þeirra.
2. Hvar hafísinn sást og hvenær (breidd og lengd staðarins í gráðum og mínútum eða önnur staðarákvörðun).
3. Hve stórt svæði ísinn nær yfir.
4. Hve mikil hreyfing er á ísnum og hvert hann virðist reka.
5. Hvort ísinn er landfastur og þá hvar.
6. Hver eru áhrif íssins á siglingar.

Hafísfregnir gætu litið þannig út:

- a. TTT ICE two icebergs  $66^{\circ}47'N$ ,  $24^{\circ}01'W$ , at 0719 GMT June 2.
- b. Sigldum framhá 8 frekar litlum ísjökum og einum borgarísjaka um 5 sjómílu norður af Hornbjargsvita kl. 1530 GMT 13. maí.

- c. Kl. 2105 GMT 27. júní. Íshrafl 312<sup>0</sup> 20 sjómíllur frá Straumnesi. Ísspöng nokkru utar.
- d. 11. júní kl. 1500 GMT. Staddir 68.0<sup>0</sup>N, 19.5<sup>0</sup>V. Skammt norðan við okkur er 10 sjómílna löng ísbreiða, sem virðist liggja frá vestri til austurs. Erum við eystri mörk hennar. Ísinn rekur lítið eitt til suðurs.

### TILKYNNINGAR UM ÍSINGU

Hlaðist ísing á skip án þess að við ísingarhættu hafi verið varað, skal tilkynnt um það í samræmi við "Reglur um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar". Sé skipið í námunda við Ísland skal gera ráðstafanir til að tilkynning verði send til Veðurstofu Íslands.


### NOKKRAR ATHUGASEMDIR UM VEÐURATHUGANIR O.FL.

Til þess að almenn veðurskeyti komi að sem bestum notum, er mikilvægt, að veðurathuganir séu gerðar stundvíslega og samtímis á öllum stöðum. Einkum gildir þetta um þá þætti veðursins, sem breytast ört. Af þessum sökum eru athugunartímarnir frá því 10 mínútum fyrir heila tímann þangað til nákvæmlega á heila tímanum.

Yfirleitt á að athuga fyrst þau atriði, sem eru áætluð, en síðan að framkvæma mælingar. Ber að stilla svo til, að lesið sé á loftvog (ef loftþrýstingur er athugaður) sem næst réttum athugunartíma.

Veðuskeytin skal skrá í þar til gerðar veðurbækur, og er mikilvægt að útskrifaðar bækur séu sendar til Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 105 Reykjavík.

Sé skipið selt eða athugunum hætt af öðrum ástæðum, eru það vinsamleg tilmæli Veðurstofunnar, að þeim veðurathugunartækjum, sem eru í hennar eign, sé skilað.



P R I Þ J I   K A F L I

SKEYTAORÐIN, TÖFLUR OG LEIÐBEININGAR

ORÐIÐ DDDD

DDDD      Kallmerki skipsins (4 bókstafir). Á íslenskum skipum eru TF tveir fyrstu stafirnir í þessu orði.

ORÐIÐ YGGI<sub>w</sub>

YY      Mánaðardagur, þegar athugun er gerð (2 tölustafir).

GG      Athugunartíminn í heilum klukkustundum (2 tölustafir).

$i_w$       Einkennisstafur vinds (1 tölustafir).

Mánaðardagurinn telst byrja kl. 0000 GMT og skulu tölurnar 01 - 31 notaðar.

Athugunartíminn miðast við GMT og skulu tölurnar 00 - 23 notaðar.

$i_w$       Einkennisstafur vinds

0      Vindhraði metinn

1      Vindhraði lesinn af vindhraðamæli

3      Vindhraði metinn

4      Vindhraði lesinn af vindhraðamæli

Vindhraði í m á sek.

Vindhraði í hnútum

ORÐIÐ 99L<sub>a</sub>L<sub>a</sub>L<sub>a</sub>

99      Einkennistala orðsins.

L<sub>a</sub>L<sub>a</sub>L<sub>a</sub>      Breidd staðarins í heilum gráðum og tíunduhlutum úr gráðu (3 tölustafir).

Dæmi:      Skipið stadd á 63.8°N:      99L<sub>a</sub>L<sub>a</sub>L<sub>a</sub> = 99638

ORÐIÐ  $Q_c L_o L_o L_o L_o$

$Q_c$  Hnattfjórðungurinn, sem skipið er stutt á (1 tölustafur).

$L_o L_o L_o L_o$  Lengd staðarins í heilum gráðum og tíunduhlutum úr gráðu (4 tölustafir).

$Q_c$  Hnattfjórðungurinn, sem skipið er stutt á.

	<u>Breidd</u>	<u>Lengd</u>
1	Norður	Austur
3	Suður	Austur
5	Suður	Vestur
7	Norður	Vestur

- 1) Á hafsvæðinu við Ísland er  $Q_c = 7$
- 2) Ef skipið er stutt á Greenwich hádegisbaugnum eða á 180. baugnum ( $L_o L_o L_o L_o = 0000$  eða 1800) skiptir ekki máli hvort  $Q_c = 1$  eða 7 (ef skipið er á norðurhveli) eða  $Q_c = 3$  eða 5 (ef skipið er á suðurhveli).
- 3) Sé skipið stutt á miðbaug ( $L_a L_a L_a = 000$ ), skiptir heldur ekki máli hvort  $Q_c = 1$  eða 3 (ef um austlæga lengd er að ræða) eða  $Q_c = 5$  eða 7 (ef um vestlæga lengd er að ræða).

**Dæmi:**

Í öllum dæmunum er skipið á norðurhveli jarðar.

1. Skipið stutt á  $5.8^{\circ}E$ :  $Q_c L_o L_o L_o L_o = 10058$
2. " " "  $14.7^{\circ}W$ : " = 70147
3. " " "  $102.3^{\circ}W$ : " = 71023

ORÐIÐ  $i_R i_x$  hVV

$i_R$  Ábendingartala úrkomuorðs (1 tölustafur).

$i_x$  Ábendingartala veðurorðs (1 tölustafur).



**h** Hæð lægsta skýs (1 tölustafur).

**W** Skyggni (2 tölustafir).

Þetta orð skal alltaf senda.

**$i_R$**  Ábendingartala úrkomuorðs

1 Úrkomuorð sent í skeyti.

2 Ekki notað á skipum.

3 Úrkomuorð ekki sent þar sem engrar úrkomu hefur orðið vart.

4 Úrkomuorð ekki sent vegna þess að úrkomumagn hefur ekki verið athugað.

Úrkomumagn er ekki athugað á íslenskum skipum og verður því  $i_R = 4$  í öllum skeytum.

**$i_x$**  Ábendingartala veðurorðs ( $7ww_1w_2$ )

1 Veðurorð sent.

2 Veðurorð ekki sent, vegna þess að það lýsir aðeins skýjahulu eða breytingum á skýjahulu.

3 Veðurorð ekki sent, vegna þess að upplýsingar eru ekki fyrir hendi.

4 }  
5 }  
6 } Notað á sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum

**h** Hæð yfir athugunarstað á neðra borði lægstu  $C_L$ -skýja, ef  $C_L$ -ský eru á lofti, annars lægstu  $C_M$ -skýja.

0 0 - 50 m

1 50 - 100 m

2 100 - 200 m

3 200 - 300 m

4 300 - 600 m

5 600 - 1000 m

6 1000 - 1500 m

7 1500 - 2000 m

8 2000 - 2500 m

9 2500 m eða meiri, eða engin ský á lofti (heiðskírt).

/ Skýjahæð óþekkt, t.d. vegna þoku, særoks eða snjókomu.

Við áætlun skýjahæðar má notast við eftirfarandi töflu, sem sýnir algengustu hæð helstu skýjaætta:

**Þokuský** eru oft mjög lágt yfir jörðu og tæpast hærra en 1000 m.

**Hrafnar** ná stundum niður að jörðu, en geta verið í meira en 1000 m hæð.

**Bólstraský** og **skúraský**: 300-1000 m

**Flákaský**, (án úrkomu): um 600-2000 m

**Regnþykkni**: Fyrst um 2000 m, síðan lægri, en fremur sjaldan minni en 500 m.


Miðský eru yfirleitt hærra en 2000 m og háský miklu hærra en 2500 m.

VV	Skyggni
91	50 metrar
92	200 metrar
93	500 metrar
94	1 kílómetri
95	2 kílómetrar
96	4 kílómetrar
97	10 kílómetrar
98	20 kílómetrar
99	50 kílómetrar eða meira.


Sé skyggni mismunandi eftir áttum, skal það lakasta tilgreint. Þó skal ekki tekið tillit til skúra, élja, þokubakka eða annars, sem takmarkar skyggnið svo fremi, að slíkt spanni geira, sem samtals er áttundi hluti sjóndeildarhrings ( $45^{\circ}$ ) eða minna.

Sé skyggni milli tveggja talna í töflunni skal velja skeytastafina, sem eiga við lægri töluna. Sé t.d. skyggnið 7 km verður VV = 96.


Nokkur dæmi um val á VV, þegar skyggni er mismunandi eftir áttum.



SKYGGNI 4km  
VV = 96



SKYGGNI 2km  
VV = 95



SKYGGNI 2km  
VV = 95

ORÐIÐ Nddff

- N Skýjahula í áttundu hlutum (1 tölustafur)
- dd Vindátt í tugum gráða (2 tölustafir)
- ff Vindhraði í hnútum eða m/s (2 tölustafir)

Þetta orð skal alltaf senda.


Á íslenskum skipum er vindhraði oftast metinn eftir útliti sjávar og er þá gott að styðjast við sérstakar leiðbeiningarmyndir. Sé vindmælir notaður verður að leiðrétta fyrir siglingarhraða og stefnu skipsins. Íslensk skip tilgreina vindhraðann yfirleitt í hnútum.

- N Skýjahula alls í áttundu hlutum**
- 0 Engin ský á lofti. Heiðskírt.
- 1 1/8 af himinhvolfi eða minna er hulinn skýjum, þó einhver vottur af skýjum.
- 2 2/8 (1/4) af himinhvolfi eru huldir skýjum.
- 3 3/8 af himinhvolfi eru huldir skýjum.
- 4 4/8 (1/2) af himinhvolfi eru huldir skýjum.
- 5 5/8 af himinhvolfi eru huldir skýjum.
- 6 6/8 (3/4) af himinhvolfi eru huldir skýjum.
- 7 7/8 af himinhvolfi eru huldir skýjum eða meira, þó ekki sé alskýjað.
- 8 Alskýjað.
- 9 Sér ekki til loftis vegna þoku, særoks, snjókomu eða annarra fyrirbæra.
- 1) Á næturnar er best að athuga skýjahuluna með því að finna á hve mörgum áttundu hlutum himins stjörnur sjást. Þá er afgangurinn hulinn skýjum.
- 2) Athugunarmaður skal tilgreina skýjahuluna, eins og hún virðist vera frá honum séð. T.d. skal telja þann hluta himins, sem næstur er sjóndeildarhring alskýjaðan, ef hann sýnist vera það, þótt athugunarmaður viti e.t.v., að hin sömu ský mundu ekki virðast samfelld, þegar þangað er komið.

- 3) Ef blár himinn eða stjörnur sjást gegnum þoku eða móðu og ekki sést vottur af skýjum fyrir ofan, skal N talið 0. Ef ský sjást ofar, skal magn þeirra athugað og tilgreint í skeyti, án tillits til fyrrnefndra fyrirbæra. Ekki skal taka tillit til flugvélaslóða, sem hverfa ört, en haldist slóðarnir skulu þeir athugaðir og tilgreindir sem önnur ský.
- 4) Ekkert tillit skal tekið til þess, hvort skýin eru þykk eða þunn. T.d. getur sést vel til sólar, þótt himinn sé alþakinn bliku.

dd	Vindátt	dd	Vindátt	dd	Vindátt
00	Logn	13	125 <sup>0</sup> - 134 <sup>0</sup>	26	255 <sup>0</sup> - 264 <sup>0</sup>
01	5 <sup>0</sup> - 14 <sup>0</sup>	14	135 <sup>0</sup> - 144 <sup>0</sup>	27	265 <sup>0</sup> - 274 <sup>0</sup>
02	15 <sup>0</sup> - 24 <sup>0</sup>	15	145 <sup>0</sup> - 154 <sup>0</sup>	28	275 <sup>0</sup> - 284 <sup>0</sup>
03	25 <sup>0</sup> - 34 <sup>0</sup>	16	155 <sup>0</sup> - 164 <sup>0</sup>	28	285 <sup>0</sup> - 294 <sup>0</sup>
04	35 <sup>0</sup> - 44 <sup>0</sup>	17	165 <sup>0</sup> - 174 <sup>0</sup>	30	295 <sup>0</sup> - 304 <sup>0</sup>
05	45 <sup>0</sup> - 54 <sup>0</sup>	18	175 <sup>0</sup> - 184 <sup>0</sup>	31	305 <sup>0</sup> - 314 <sup>0</sup>
06	55 <sup>0</sup> - 64 <sup>0</sup>	19	185 <sup>0</sup> - 194 <sup>0</sup>	32	315 <sup>0</sup> - 324 <sup>0</sup>
07	65 <sup>0</sup> - 74 <sup>0</sup>	20	195 <sup>0</sup> - 204 <sup>0</sup>	33	325 <sup>0</sup> - 334 <sup>0</sup>
08	75 <sup>0</sup> - 84 <sup>0</sup>	21	205 <sup>0</sup> - 214 <sup>0</sup>	34	335 <sup>0</sup> - 344 <sup>0</sup>
09	85 <sup>0</sup> - 94 <sup>0</sup>	22	215 <sup>0</sup> - 224 <sup>0</sup>	35	345 <sup>0</sup> - 354 <sup>0</sup>
10	95 <sup>0</sup> - 104 <sup>0</sup>	23	225 <sup>0</sup> - 234 <sup>0</sup>	36	355 <sup>0</sup> - 4 <sup>0</sup>
11	105 <sup>0</sup> - 114 <sup>0</sup>	24	235 <sup>0</sup> - 244 <sup>0</sup>	99	Breytileg
12	115 <sup>0</sup> - 124 <sup>0</sup>	25	245 <sup>0</sup> - 254 <sup>0</sup>		átt

- 1) Vindáttin segir til um úr hvaða átt vindurinn blæs.
- 2) Vindáttina skal miða við réttar áttir, en ekki seguláttir.



## Vindhraði í hnútum (eða m/s)

Í veðurskeytum skal tilgreina 10 mínútna meðalvindhraða, vegna þess að vindurinn er aldrei jafn, heldur flóktir stöðugt kringum eitthvert meðaltal bæði með tilliti til hraða og stefnu. Ef venjulegur vindmælir er um borð þyrfti því helst að fylgjast með honum í 10 mínútur. Mun auðveldari verður athuginin, ef síritandi vindmælir er notaður. Sumir slíkra mæla sýna einungis 10 mínútna meðalvindhraða, og er mjög auðvelt að lesa á þá. Aðrir síritandi vindmælar sýna hvernig vindurinn breytist í sífellu, og líkist línurit þeirra fiskdálki með breytilegri breidd. Línan sem liggur eftir miðjum "dálkinum" er talin sýna meðalvindhraða. Sé vindmælir notaður þarf að leiðrétta fyrir áhrifum stefnu og siglingarhraða skipsins.

Ef vindmælir er ekki um borð í skipinu, skal meta veðurhæðina eftir áhrifum vindsins á sjóinn samkvæmt eftirfarandi töflu. Skal velja þá tölu fyrir ff, sem tilheyrir viðkomandi vindstigi í aftasta dálki töflunnar. Heppilegt er að styðjast við myndir sem sýna útlit sjávar við mismunandi veðurhæð.

Vind- stig	V i n d h r a ð i			Heiti	Áhrif á rúmsjó	Sennileg ölduhæð*		Í skeyti ff
	Hnútar	Metrar á sek.	Kílóm. á klst.			á rúmsjó, metrar		
0	< 1	0.0- 0.2	<1	Logn	Spegilsléttur sjór			00
1	1- 3	0.3- 1.5	1- 5	Andvari	Smágárar myndast, en hvítna hvergi.	0.1	( 0.1)	02
2	4- 6	1.6- 3.3	6- 11	Kul	Ávalar smábárur myndast. Glampar á þær, en ekki sjást þess merki, að þær brotni eða hvítni.	0.2	( 0.3)	05

V i n d h r a ð i

Vind- stig	V i n d h r a ð i			Heiti	Áhrif á rúmsjó	Sennileg ölduhæð*		í
	Hnútar	Metrar á sek.	Kílólm. á klst.			á rúmsjó, metrar	ff	skeyti
3	7-10	3.4- 5.4	12- 19	Gola	Bárur, sem sumar hverjar glitrar á. Á stöku stað hvítar í báru (skýtur fuglsbringum)	0.6	( 1)	09
4	11-16	5.5- 8.0	20- 29	Stinnings- gola	Allvíða hvítar í báru	1	( 1.5)	13
5	17-21	8.1-10.7	30- 38	Kaldi	Allstórar öldur myndast (hugsanlegt að sums staðar kembi úr öldu)	2	( 2.5)	18
6	22-27	10.8-13.8	39- 49	Stinnings- kaldi	Stórar öldur taka að myndast, sennilega kembir nokkuð úr öldu	3	( 4)	24
7	28-33	13.9-17.1	50- 61	Allhvass vindur (Allhvasst)	Hvít froða fer að rjúka í rákum undan vindi	4	( 5.5)	30
8	34-40	17.2-20.7	62- 74	Hvassviðri	Löðrið slítur sig úr öldu- földunum og rýkur í greini- legum rákum undan vindi. Holskeflur taka að myndast	5.5	( 7.5)	37

V i n d h r a ð i

Vind- stig	Vindhraði			Heiti	Áhrif á rúmsjó	Sennileg ölduhæð*		Í skeyti ff
	Hnútar	Metrar á sek.	Kílóm. á klst.			á rúmsjó, metrar		
9	41-47	20.8-24.4	75- 88	Stormur	Þéttar löðurrákir í stefnu vindsins. Særokið getur dregið úr skyggninu. Stórar holskeflur	7	(10)	44
10	48-55	24.5-28.4	89-102	Rok	Mjög stórar holskeflur. Stórar löðurflygsur rjúka í þéttum, hvítum rákum eftir vindstefnunni. Sjórin er nær því hvítur yfir að líta. Dregur úr skyggni	9	(12.5)	52
11	56-63	28.5-32.6	103-117	Ofsaveður	Geysistórar öldur (bátar og miðlungs stór skip geta horfið í öldudölnum). Sjórin alþakinn löngum, hvítum löðurrákum. Alls staðar rótast öldufaldarnir upp í hvíta froðu. Dregur úr skyggni.	11.5	(16)	60



Vind- stig	V i n d h r a ð i			Heiti	Áhrif á rúmsjó	Sennileg ölduhæð* á rúmsjó, metrar	Í
	Hnútar	Metrar á sek.	Kílóm. á klst.				skeyti ff
12	64 og meira	32.7 og meira	118 og meira	Fárviðri	Loftið er fyllt særoki og löðri. Sjórin er alhvítur af rjúkandi löðri. Dregur stórlega úr skyggni	14 (-)	68

\*Þessum dálki er einungis ætlað að gefa grófar upplýsingar um sennilega ölduhæð á rúmsjó, og er hann ætlaður til stuðnings við áætlun veðurhæðar. Tölurnar í svigum gefa til kynna sennilega hámarksölduhæð.

Þess eru dæmi í aftaka fárviðrum, að vindhraði verði 100 hnútar eða jafnvel meiri, en illkleift er að meta svo mikinn vindhraða án hjálpar mælitækja. Mælist slíkur vindhraði, skal í veðurskeyti sleppa fyrsta stafnum (1) í hnútatölunni, en bæta 50 við dd.

Dæmi: Suðaustan 103. hnútar: ddff = 6403


ORÐIÐ 1s TTT

- 1 Einkennistala orðsins
- $S_n$  Formerki (1 tölustafur)
- TTT Lofthiti í heilum stigum og tífundhlotum úr stigi (3 tölustafir).

Þetta orð skal senda, þegar upplýsingar eru fyrir hendi.

$S_n = 0$  ef hiti er  $0.0^0$  eða hærri (+)

$S_n = 1$  ef hiti er undir frostmarki (-)



Álestur  $23.3^0$

Mynd 1. Sveifluhitamælir

Hitamælirinn er yfirleitt í sérstöku hylki, sem er útbúið þannig, að auðvelt er að sveifla mælinum í hring og fá með því talsverðan loftstraum til að leika um mæliskúluna. Sveifla skal mælinum, uns hann sýnir stöðugt sama hitastig, en þá skal lesa á hann og skrá hitastigið. Oft þarf að sveifla mælinum í 1 - 3 mínútur. Hitann skal mæla áveðurs á skipinu, en þó þarf að stilla svo til, að sól nái ekki að skína á mælinn. Varast ber að mæla á stöðum, þar sem mikinn hita leggur frá skipinu (t.d. nálægt reykþáfi eða loftrásum frá vélarúmi).

Á milli athugana þarf að geyma mælinn þar sem ekki er hætt á að hann sláist til eða verði fyrir öðru hnjaski, sem getur brotið hann.

ORÐID 4PPPP

4 Einkennistala orðsins


PPPP Leiðréttur loftþrýstingur við sjávarmál í heilum mb og tíunduhlutum úr mb (4 tölustafir).

Þetta orð skal senda, þegar upplýsingar eru fyrir hendi.

Sé leiðréttur loftþrýstingur 1000.0 mb eða hærri, skal sleppa fyrsta stafnum (1) í skeytinu.

**Dæmi:**

- 1) Leiðréttur loftþrýstingur 1013.2 mb verður í skeyti 40132
- 2) Leiðréttur loftþrýstingur 987.1 mb verður í skeyti 49871



Mynd 2. Fjaðurloftvog  
Álestur: 1008.6 mb

Á íslenskum skipum eru yfirleitt fjaðurloftvogir (aneroid barometer). Við aflesinn loftþrýsting þarf hverju sinni að leggja sérstaka leiðréttingu vegna hæðar loftvogarinnar yfir sjó, og oft þarf einnig að bæta við leiðréttingu vegna skekkju í loftvoginni. Sérstök leiðréttingartafla verður af þessum sökum að fylgja hverri loftvog. Þegar leiðréttingin hefur verið lögð við aflesinn loftþrýsting, fast réttur loftþrýstingur við sjávarmál.

Áður en lesið er á loftvogina skal slá nokkrum sinnum léttilega á hana með fingurgómum. Fast með því móti nákvæmari mæling en ella.

Því miður breytist stilling fjaðurloftvoga oft með tímanum, og er þá nauðsynlegt að breyta leiðréttingartöflunni. Þarf því öðru hverju að bera fjaðurloftvogir saman við áreiðanlega kvikasilfursloftvog eða annan áreiðanlegan loftþrýstingsmæli. Þegar íslensk skip eru stödd í Reykjavík, er því æskilegt að lesið sé á loftvogina á einhverjum athugunartíma fyrir almenn veðurskeyti. Þegar leiðréttingu hefur verið bætt við aflesturinn, á að fást mjög svipuð niðurstaða og leiðréttur loftþrýstingur mældur á Veðurstofunni í Reykjavík, en upplýsingar um hann má fá í síma (og tvisvar á dag í veðurfregnum útvarpsins). Sé mismunur á leiðréttum loftþrýstingi mældum í skipinu og á Veðurstofunni að staðaldri 0.3-0.4 mb eða meiri, er nauðsynlegt að tilkynna Veðurstofunni um það. Verður loftvogin þá prófuð og væntanlega gerð ný leiðréttingartafla.

ORÐIÐ 7wwW<sub>1</sub>W<sub>2</sub>

7 Einkennistala orðsins

ww Veðrið á athugunartíma eða síðustu klukkustund (2 tölustafir).

$\left. \begin{matrix} W_1 \\ W_2 \end{matrix} \right\}$  Veðrið á milli athugana (1+1 tölustafir).

Þetta orð skal senda, þegar upplýsingar eru fyrir hendi, nema orðið gefi eingöngu vísbendingu um skýjahulu eða breytingar á skýjahulu.

Orðið skal því ekki senda ef:

$wwW_1W_2 =$	00// 01// 02// 03//	}	$i_x = 3$ í orðinu $i_R i_x hVV$
	0100 0111 0122		
	0200 0211 0222	}	$i_x = 2$ í orðinu $i_R i_x hVV$
	0300 0311 0322		

Þegar orðið er ekki sent í skeyti, skal setja strik ( - ) í reitinn í skeytabókinni.

ww

**Veðrið á athugunartíma eða síðustu klst.**

Fyrri talan í ww gefur til kynna aðaleinkenni eða flokk veðursins, en þeir eru tölusettil frá 0-9. Skal byrja veðurathugun á því að ákveða í hvaða flokki veðrið er. Síðan er seinni talan valin, svo að veðrinu verði sem best lýst í smærri atriðum. Ekki skal við þetta val tekið neitt tillit til þess veðurs, sem var meira en klukkustund fyrir athugun.

Ef fleiri en ein tala getur átt við veðrið á athugunartíma, skal nota þá sem hærri er. Þó skal talan 17 tekin fram yfir tölurnar 20-49.

ww=00-49

**Engin úrkoma á veðurstöðinni á athugunartíma**

ww=00-19

**Engin úrkoma, þoka, sandbylur eða skafrenningur á stöðinni á athugunartíma eða á síðustu klukkustund (nema ww = 09, 11, 12 og 17).**

**ww Veðrið á athugunartíma eða síðustu klst.**

Aðeins  
notað  
þegar  
tölurnar  
04-99  
eiga  
ekki við

- 00 Breyting skýjanna ekki athuguð eða ekki hægt að athuga hana.
- 01 Skýin hafa hjaðnað eða minnkað (horfið, ef heiðskírt er á athugunartíma).
- 02 Skýin að mestu óbreytt eða heiðskír himinn á síðustu klst.
- 03 Ský hafa myndast eða færst í aukana.

Breyting  
skýja á  
síðustu  
klst.

Reykur,  
mistur,  
særok,  
moldrok  
eða  
sandfok

- 04 Reykur. Skyggnið er takmarkað vegna reyks frá verk-smiðjum, sléttu- eða skógareldi eða öskumisturs frá eldfjöllum.
- 05 Þurrmistur (stafar mestmegnis af þurrum rykögnum, ósýnilegum með berum augum).
- 06 Rykmistur. Í loftinu er ryksveimur, en rykið þyrlast þó ekki upp á athugunarstaðnum eða í grennd við hann á athugunartíma. Rykagnirnar eru a.m.k. að einhverju leyti sýnilegar með berum augum.
- 07 Særok.
- 08 Greinilegir ryk- eða sandstrókar (hvírfilvindar), einn eða fleiri á athugunarstaðnum eða í grennd við hann á athugunartíma eða síðustu klst., en ekki sjáanlegur sandbylur eða verulegt moldrok eða sandfok.
- 09 Sandbylur eða verulegt moldrok eða sandfok sjáanlegt á athugunartíma eða hefur verið á athugunarstað á síðustu klst. Skyggni í sandbylnum minna en 1 kílómetri.
- 10 Þokumóða. Skyggni 1 kílómetri eða meira. Loftið er gráleitt og rakt. Móðan stafar af mjög smáum vatnsdropum eða ískristöllum.

- 11 Lágpokublettir. } Lágpoka (dalalæða eða sjólæða) við athugunarstaðinn. Mesta hæð þokunnar 2 m á landi, 10 m á sjó. Áætlað skyggni niðri í lágpokunni minna en 1 km.
- 12 Lágpoka, nokkurn veginn samfelld. }

- 13 Leiftur (rosaljós) sjáanleg, en engin skrugga heyrast.
- 14 Úrkoma sjáanleg, en nær ekki til jarðar.
- 15 Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í meira en 5 km fjarlægð frá athugunarstað, en úrkomulaust á athugunarstað.
- 16 Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í minna en 5 km fjarlægð frá athugunarstað, en úrkomulaust á athugunarstað.
- 17 Skruggur heyrast, en engin úrkoma á athugunarstaðnum.
- 18 Rokur (ein eða fleiri) á eða í grennd við stöðina á athugunartíma eða síðustu klst.

Roka kallast hér snögg vindhviða, sem stendur a.m.k. eina mínútu, og hvessir í henni um 16 hnúta eða meira (a.m.k. 3 vindstig). Það er og skilyrði, að vindhraði í rokunni nái a.m.k. 22 hnútum eða 6 vindstigum.

19 Skýstrokkur eða vatnsstrókar hafa sést á athugunarstaðnum eða í grennd við hann á síðustu klst. eða á athugunartíma.

ww=20-29

Úrkoma, þoka eða þrumuveður á athugunarstaðnum á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.

ww

- |    |   |   |   |
|----|---|---|---|
| 20 | Úði (þó ekki frostúði) eða kornsnjór).                        | } | Úrkoma á síðustu klst. (ekki í skúrum eða éljum). |
| 21 | Rigning, ekki frostrigning                                    |   |   |
| 22 | Snjókoma.   |   |   |
| 23 | Rigning og snjór (slydda) eða ískorn                          |   |   |
| 24 | Frostúði eða frostrigning.                                    | } | Skúrir eða él á síðustu klst.                     |
| 25 | Skúrir.   |   |   |
| 26 | Snjó- eða slydduél.   |   |   |
| 27 | Haglél (þ.e. íshagl, hagl eða snæhagl), eða skúrir og haglél. | } | Á síðustu klst.                                   |
| 28 | Þoka. Skyggni minna en 1 km.                                  |   |   |
| 29 | Þrumuveður (með eða án úrkomu).                               |   |   |

ww=30-39

Moldrok, sandfok, sandbylur (skyggni minna en 1 km) eða skafrenningur

ww

- |    |   |   |  |
|----|---|---|--|
| 30 | Moldrok eða sandfok hefur farið minnkandi á síðustu klst.   | } | Moldrokið (eða sandfokið) nær hátt í loft og mjög verulega dregur úr skyggni á athugunarstað, einkum í þá átt, sem moldrokið (sandfokið) kemur úr. |
| 31 | Moldrok eða sandfok því nær óbreytt á síðustu klst.         |   |  |
| 32 | Moldrok eða sandfok hefur byrjað eða aukist á síðustu klst. |   |  |

ww

- 33 Sandbylur hefur farið minnkandi á síðustu klst. }  
34 Sandbylur því nær óbreyttur á síðustu klst. } Skyggni minna en 1 km.  
35 Sandbylur hefur skollið á eða aukist á síðustu klst. }
- 36 Lágarenningur, skafrenningur, sem nær minna en mannhæð frá jörðu, lítils háttar eða miðlungs.  
37 Lágarenningur, skafrenningur, sem nær minna en mannhæð frá jörðu, mikill.  
38 Háarenningur, skafrenningur, sem nær meira en mannhæð frá jörðu, lítils háttar eða miðlungs. Skyggni  $\frac{1}{2}$  km eða meira.  
39 Háarenningur, skafrenningur, sem nær meira en mannhæð frá jörðu, mikill (skafbál, kóf). Skyggni minna en  $\frac{1}{2}$  km.

ww=40-49

**Poka á athugunartíma. Pokan nær meira en mannhæð frá jörðu og skyggni á athugunarstað er minna en 1000 m, nema ww=40 og 41.**

ww

- 40 Poka sjáanleg (poka í grennd) á athugunartíma, en hefur ekki verið á stöðinni á síðustu klst. og er ekki í blettum. Áætlað er að skyggni í þokunni sé minna en 1 km.  
41 Þokublettir. Skyggni á athugunarstað meira en 1 km en áætlað minna í þokublettum.  
42 Poka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan. } Hefur orðið  
43 Poka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan. } gisnari á síðustu klst.  
44 Poka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan. } Því nær  
45 Poka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan. } óbreytt á síðustu klst.  
46 Poka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan. } Hefur skollið  
47 Poka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan. } yfir eða orðið dimmari á síðustu klst.  
48 Hrímpoka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan.  
49 Hrímpoka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan.



ww=50-99 Úrkoma á athugunarstað á athugunartíma.

ww=50-59 Úði (súld, örsmáir dropar), eða úði og þoka.

ww

- |     |   |   |                                |
|-----|---|---|--------------------------------|
| 50  | Úði með uppstyttum.                     | } | Lítill á athugunartíma.        |
| 51  | Óslitinn úði.                           |   |                                |
| 52  | Úði með uppstyttum                      | } | Miðlungspéttur á athugunartíma |
| 53  | Óslitinn úði.                           |   |                                |
| 54  | Úði með uppstyttum.                     | } | Mikill á athugunartíma.        |
| 55  | Óslitinn úði.                           |   |                                |
| 56  | Frostúði, lítils háttar.                |   |                                |
| 57  | Frostúði, miðlungspéttur eða mikill.    |   |                                |
| 58  | Úði og regn, lítils háttar.             |   |                                |
| 59. | Úði og regn, miðlungs eða þétt (mikið). |   |                                |

ww=60-69 Rigning (eða rigning og þoka eða slydda).

ww

- |    |   |   |                           |
|----|---|---|---------------------------|
| 60 | Rigning með uppstyttum.                         | } | Lítill á athugunartíma.   |
| 61 | Óslitin rigning.                                |   |                           |
| 62 | Rigning með uppstyttum.                         | } | Miðlungs á athugunartíma. |
| 63 | Óslitin rigning.                                |   |                           |
| 64 | Rigning með uppstyttum.                         | } | Mikil á athugunartíma.    |
| 65 | Óslitin rigning.                                |   |                           |
| 66 | Frostrigning, lítils háttar.                    |   |                           |
| 67 | Frostrigning, miðlungs eða mikil.               |   |                           |
| 68 | Slydda eða úði og snjócoma, lítillsháttar.      |   |                           |
| 69 | Slydda eða úði og snjócoma, miðlungs eða mikil. |   |                           |

ww=70-79 Snjócoma (eða snjócoma og þoka).

ww

- |    |                          |   |                           |
|----|--------------------------|---|---------------------------|
| 70 | Snjócoma með uppstyttum. | } | Lítill á athugunartíma.   |
| 71 | Óslitin snjócoma.        |   |                           |
| 72 | Snjócoma með uppstyttum. | } | Miðlungs á athugunartíma. |
| 73 | Óslitin snjócoma.        |   |                           |

ww

- 74 Snjócoma með uppstyttum. }  
75 Óslitin sjócoma. } Mikil á athugunartíma.  
76 Ísnálar (hrímsveimur; með eða án þoku).  
77 Kornsnjór (með eða án þoku).  
78 Einstakir stjörnulaga snjókrystallar (með eða án þoku).  
79 Ískorn (hagl 1-4 mm í þvermál, myndað við, að regndropar eða snjóflygsur, sem fyrst hafa nærri bráðnað, frjósa).

ww=80-99 Skúra- eða éljaveður, eða úrkoma með þrumuveðri.

ww

- 80 Skúr, lítils háttar.  
81 Skúr, miðlungs eða mikill.  
82 Skúr, mjög mikill (skýfall).  
83 Slydduél (snjócorn og regndropar saman), lítils háttar.  
84 Slydduél (snjócorn og regndropar saman), miðlungs eða mikið.  
85 Snjóél, lítils háttar.  
86 Snjóél, miðlungs eða mikil.  
87 Hagléel (snæhagl eða snæhagl þakið af þunnri ísskorpu), lítils háttar, með eða án regns eða slyddu.  
88 Hagléel (snæhagl eða snæhagl þakið af þunnri ísskorpu), miðlungs eða mikið, með eða án regns eða slyddu.  
89 Íshagléel, lítils háttar, með eða án regns eða slyddu, en ekki samfara þrumu.  
90 Íshagléel, miðlungs eða mikið, með eða án regns eða slyddu, en ekki samfara þrumu.  
91 Lítils háttar rigning á athugunartíma. }  
92 Miðlungs eða mikil rigning á athugunartíma. } Þrumuveður  
93 Lítils háttar snjócoma, slydda eða hagl } á síðustu  
(íshagl, hagl eða snæhagl) á athugunartíma. } klst., en  
94 Miðlungs eða mikil snjócoma, slydda eða } ekki á  
hagl (íshagl, hagl eða snæhagl) á athugun- } athugunar-  
artíma. } tíma

ww

- 95 Lítills háttar eða miðlungs þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu, en ekki hagli (íshagli, hagli eða snæhagli) á athugunartíma.
- 96 Lítills háttar eða miðlungs þrumuveður samfara hagli (íshagli, hagli eða snæhagli) á athugunartíma.
- 97 Mikið þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu á athugunartíma, en ekki hagli (íshagli, hagli eða snæhagli).
- 98 Þrumuveður samfara sandbyl á athugunartíma.
- 99 Mikið þrumuveður samfara hagli (íshagli, hagli eða snæhagli) á athugunartíma.

Þrumu-  
veður  
á  
athugunar-  
tíma.

ww=00-03

Við val á tölunum 01, 02 og 03 skal ekkert tillit taka til þess hve breytingar á skýjahulu er miklar. Tölurnar ww=00, 01 og 02 má nota hverja um sig, ef himinn er heiðskír á athugunartíma. Skulu um það gilda eftirfarandi reglur:

00 er notað, þegar skýjahula fyrir athugun er óþekkt.

01 er notað, þegar skýin hafa horfið á síðustu klst.

02 er notað, þegar himinn hefur verið heiðskír alla síðustu klst.

ww=05

**Þurramistur** skal nota, þegar takmörkun skyggis er aðallega af völdum þurra og örsmárra rykagna, sem eru ósýnilegar hver fyrir sig, en draga þó úr skygginu, sveipa landið hulu og deyfa litbrigði þess. Þurramistrið er bláleitt séð móti dökkum bakgrunni (fjallablámi) en gulleitt, ef það ber við björt ský, jökla eða sólina. Þetta er greinilegasti munurinn á þurramistri og þokumóðu.

ww=10

**Þokumóða** er svipuð þoku (sjá ww=40-49) að öðru leyti en því, að droparnir eru ekki eins stórir, enda alveg ósýnilegir með berum augum. Loftrakinn er venjulega minni en í þoku, svo að loftið er ekki eins svækjulegt. Þokumóðan er ávallt gráleit og skyggnið er meira en 1 km.

- ww=11-12 Skal ekki notað nema skyggni virðist minna en 1 km í þokublettunum.
- ww=20-29 Skal ekki notað, ef úrkoma er á stöðinni á athugunartíma. Sé ww talið 28 (þoka á síðustu klst.), verður skyggnið að hafa verið minna en 1000 m.
- ww=30-35 **Moldrok eða sandfok.** Mold eða sandur þyrlast upp, svo að dregur úr skyggni. Verði sandfok svo mikið, að skyggni fari niður fyrir 1 km, kallast það **sandbylur**.
- ww=36-39 **Skafrenningur.** Snjór þyrlast upp af völdum vinds. Ýmist er skafrenningurinn aðeins niðri við jörð, svo að skyggni í mannhæð minnkar ekki (lágarenningur), eða hann nær svo hátt, að verulega dregur úr skyggni í þeirri hæð (háarenningur). Skafrenningur kallast mikill, ef skyggni fer af hans völdum niður fyrir  $\frac{1}{2}$  km.
- ww=40-49 **Þoka** er sveimur af örsmáum, nær ósýnilegum vatnsdropum, er dregur svo úr skyggni, að það verður minna en 1 km. Í þoku er loftið yfirleitt mjög rakt og hráslagalegt (rakastig oftast nálægt 100%) og við nána athugun sjást jafnvel droparnir svífa fyrir augum manns. Þokan er venjulega ljósleit, gráhvít en getur orðið gulleit eða dökkgrá, ef hún blandast reyk eða mistri. Fyrir getur komið, að sveimur af örsmáum ískristöllum valdi þoku (skyggni minna en 1 km), og er hún nefnd **ísapoka** í Skýjabókinni.
- Frostreykur** kallast þoka, sem myndast, þegar kalt loft streymir yfir tiltölulega hlýtt vatn eða haf, og blandast hlýju og röku lofti næst vatninu. Er þá sem rjúki úr vatninu.
- ww=40 Skal nota þegar þoka (þó ekki þokublettir) er sjánleg en hefur ekki verið á athugunarstað á síðustu klst. Athuga ber að þoka í hæðum eða fjallahlíðum ofan athugunarstaðar telst vera ský.
- ww=41 Þokublettir í nágrenni stöðvarinnar en skyggni á athugunarstað meira en 1 km.
- ww=48-49 Er notað þegar ísing fylgir þoku, og er þokan þá kölluð **hríþoka**.

ww=50-99

### Úrkoma á athugunarstað á athugunartíma.

Við val á skeytastaf ww=50-99 þarf athugunarmaður að geta greint á milli:

- a) Óslitinnar úrkomu, b) úrkomu með uppstyttum og
- c) skúraveðurs.

- a) Óslitin úrkoma á athugunartíma er það kallað, þegar engin uppstyttta hefur orðið síðasta klukkutímann og ekki er talið að skúraský séu á lofti.
- b) Úrkoma með uppstyttum er það kallað, þegar úrfellið hefur ekki varað látlaust síðasta klukkutímann, en þrátt fyrir það hefur verið þykkt loft og lítil breyting orðið á skýjum, þótt upp stytti. Engin skúraský hafa sést.
- c) Skúra- eða hryðjuveður er það nefnt, þegar uppstyttta, ein eða fleiri, hefur orðið á síðustu klukkustund, og um leið hefur birt verulega í lofti, stundum svo að sést í heiðan himin. Úrkoman byrjar og endar oftast snögglega og úrkomumagnið tekur snöggum breytingum. Úrkoma fellur úr skúraskýjum.

ww=50-55

**Úði (súld)** er ýmist óslitinn eða með uppstyttum. Droparnir eru af jafnri stærð, minni en 0.5 mm að þvermáli og virðast svífa í loftinu. Úðinn kemur úr lágum og fremur samfelldum þokuskýjum. Þegar úði (súld) er samfara þoku, á að nota skeytastaf fyrir úða í veðurskeytinu samkvæmt þeirri reglu að nota skuli hærri töluna, ef tvær tölur geta átt við veðrið samtímis. Úrkoman getur orðið allt að því 1 mm á klst., einkum til fjalla eða nálægt ströndinni.

ww=56-57

**Frostúði** er það kallað, þegar úði frýs jafnóðum og hann fellur til jarðar og myndar gegnsætt, glerhált lag á bæði láréttum og lóðréttum flötum. Kallast þetta íslag **glerungur**.

ww=58-59

Er notað þegar úði er samfara rigningu.

- ww=60-65 **Rigning** er ýmist óslitin eða með uppstyttum. (Athugið: Skúraveður er talið í öðrum flokki, sjá um einkenni þess hér á eftir). Oft er erfitt að greina milli rigningar og úða, en takmörkin eru talin þau, að flestir dropar séu um  $\frac{1}{2}$  mm að þvermáli. Sé mikill hluti dropanna stærri, telst úrkoman rigning, annars úði. Fallhraði rigningardropa er meiri en 3 metrar á sekúndu í kyrru veðri. Fyrstu droparnir, þegar gengur að með regni, eru stundum minni en þetta, hins vegar eru þeir mun færri en í úða.
- ww=66-67 **Frostrigning** er það kallað, þegar rigningin frýs um leið og hún lendir á jörðinni og myndar glerung (sjá frostúði).
- ww=68-69 **Slydda** er ýmist með uppstyttum eða óslitin, og er mynduð af regni og snjó, sem fellur samtímis. (Slydduél tilheyrir hryðjuveðri, sjá síðar).
- ww=70-75 **Snjócoma** er ýmist óslitin eða með uppstyttum. (Snjóél tilheyrir öðrum flokki, sjá hryðjuveður). Snjóstjörnurnar eru yfirleitt sexstrendar eða sexgreindar, stundum margar saman í stórum flygsum, einkum í vægu frosti.
- ww=76 **Ísnálar (hrímsveimur)** eru mjög smáir ískristallar, sem oft virðast svífa í loftinu. Ýmist koma þeir úr skýjum eða heiðskíru lofti. Ísnálarnar sjást einkum vel í sólskini, og þá veldur ljósbrot í þeim, að ljóssúla (bjartur lóðréttur stuðull fyrir ofan og neðan sólina) eða rosabaugur sést. Nálar þessar sjást helst í kyrru veðri og miklum frostum.
- ww=77 **Kornsnjór** er gerður úr hvítum og ógagnsæjum kornum og líkist snæhagli, en er mun smágerðari og oft samansettur úr aflöngum eða flötum kornum, yfirleitt minni en 1 mm í þvermál (á stærð við sagógrjón), og falla þau því svo hægt, að þau hoppa ekki verulega, þótt þau mæti hörðu í fallinu. Venjulega fellur mjög lítið magn af kornsnjó og aldrei úr hryðjuskýjum, heldur yfirleitt úr þokuskýjum.

ww=79

**Ískorn** eru gagnsæjar eða hálf gagnsæjar, hnöttóttar eða óreglulegar ískúlur, 1-4 mm í þvermál (á stærð við sagógrjón eða jafnvel krækiber), og hoppa upp, ef þau mæta hörðu í fallinu. Þau myndast, þegar rigning fellur gegnum kalt loftlag og frýs, áður en hún nær til jarðar.

ww=80-90

**Skúra- og hryðjuveður.** Úrkoman byrjar og endar snögglega og úrkomumagnið tekur snöggum breytingum. Oft sést í heiðbláan himin milli dökkleitra skýjabólstra eða skúraflóka, sem úrkoman fellur úr. Stundum sést þó ekki til himins milli skúra, og jafnvel getur verið, að úrkoman hætti ekki alveg, en nokkuð birtir þó til með tiltölulega stuttu milli-bili. Til þessa flokks teljast **skúrir**, **snjóél**, og **slyddu-él**, þ.e. rigning, snjócoma eða slydda, sem kemur og hættir snögglega eins og að framan er lýst. Ennfremur tilheyra éljaveðri **snæhagl**, **hagl** og **íshagl**.

ww=87-88

**Hagl eða snæhagl.**

**Hagl.** Hálf gagnsæ og hörð, hnöttótt eða óregluleg; stöku sinnum keilulaga högl, 2-5 mm að þvermáli (á stærð við krækiber). Venjulega er hvert þeirra myndað utan um snæhagl sem kjarna, þakið af þunnri skel úr ís. Þau eru því gljándi að útliti, allhörð viðkomu og kremjast ekki auðveldlega, hoppa yfirleitt ekki upp eða springa, þótt þau mæti hörðu í fallinu. Haglið er vott af því að það fellur venjulega í frostlausu veðri, oft með regni. Hagl kemur yfirleitt úr skúraflókum.

**Snæhagl.** Hvít ógagnsæ högl, hnöttótt, stöku sinnum keilulaga, um 2-5 mm að þvermáli (álíka og krækiber). Höglin eru mjúk í sér og er auðþjappað saman, hoppa upp ef þau mæta hörðu í fallinu og sundrast þá oft. Snæhagl er algengast í hita um frostmark, oft á undan venjulegri snjókomu eða samfara henni.

ww=89-90

**Íshagl.** Ískúlur eða ískekkir, frá 5-50 mm að þvermáli, eða frá matbaunastærð allt að hænueggjastærð. Ýmist falla íshöglin einstök eða samrunnin í stærri og óreglulegri kekki. Annað hvort eru þau alveg gagnsæ eða gerð úr snjó- og íslögum á víxl, íslögin eru a.m.k. millimetra þykk. Íshagl fellur nær eingöngu í ofsalegum og langvinnum þrumuveðrum, og aldrei í frosti.

ww=91-99

**Þrumuveður á athugunartíma eða síðustu klukkustund ásamt úrkomu eða sandbyl á síðustu klukkustund.**

Þrumur og eldingar eru ávallt samfara, en þó getur verið að ekki verði vart við nema annað fyrirbærið í sama skipti, einkum ef þrumuveðrið er fjarlægt. Eldingar eru kallaðar **rosaljós**, ef ekki heyrast neinar þrumur á eftir. Þrumuveður er talið á **stöðinni**, ef minna en 10 sek. líða frá því, að leiftrið sést, þar til skruggan heyrast, annars er þrumuveðrið talið í **grennd** stöðvarinnar.

